

Skólanámskrá

Bekkur: 5. bekkur

Námsgrein: Samfélagsfræði

Lífsleikni og umferðarfræðsla

Ábyrgð



Virðing

Vellíðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
<p>Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga og menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann</p>	<ul style="list-style-type: none"> sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi. gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa. greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf. aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum. notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni. lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi. notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga. rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. 	<p>Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.</p>	<p>Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit</p>	<p>Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat.</p> <p>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks (5.bekkur kristni). • rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs (5.bekkur kristni). • gert grein fyrir völdum frá sögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims (5.bekkur kristni). • nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög (5.bekkur kristni). • gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra. • lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta. • séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni. 			
<p>Hugarheimur Sjálfmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum. • vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt. • lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. • tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti. • metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra. • sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. 			

<p>Félagsheimur Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. • borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. • metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt. • rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. • tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. • sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra. • rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. • sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. 			
<p>Umferðafræðsla</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Að nemandi: • verði öruggari í umferðinni, gangandi og hjólandi. • læri á umferðarreglur og umferðarmerki. • átti sig á því hvernig eigi að bregðast við ef slys eða óhöpp verða. 			<p>Lokið/Ólokið</p>